

# Yfirlit yfir niðurstöður málstofa um Byggðaáætlun

28. nóvember 2008

Á málþinginu „Byggðapróun við breyttar aðstæður“ voru framsöguerindi rædd í þremur málstofum stutta stund. Í málstofum sátu þingfulltrúar víða að og helstu niðurstöður þeirra eru taldar upp hér á eftir. Rétt er að taka fram að með byggðaáætlanir eru ýmis konar en þegar átt er við þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun er heitið stýtt í Byggðaáætlun.

## 1 Atvinnulíf

### 1.0 Almennt

- Aukin umhverfisvitund í heiminum skapar Íslandi sóknarfæri í atvinnumálum en eykur líka áherslu á vönduð vinnubrögð eins og t.d. rammaáætlun um nýtingu hreinnar orku og á sjálfbæra orkunotkun.
- Áherslu þarf að leggja á að samfélögin byggji á sérstöðu sinni, því sem þau hafa, frekar en að afrita eitthvað annað t.d. höfuðborgarsvæðið með áherslu á gæði. Byggja þarf á eigin menningararfi til að byggja upp ímynd samfélags, sjálfsvirðingu íbúa, ferðaþjónustu og aðra atvinnuvegi.
- Mikilvægt að ímynd og sérstaða byggist upp innan frá – á staðbundum félagsauði.

### 1.1 Grunngreinar

- Tækifæri eru í landbúnaði, t.d. í að selja framleiðsluna meira heima á býlum - „beint frá bónda“. Tækifæri felast í að fullvinna sjávarafurðir og fá þannig hærra verð fyrir þær.

### 1.2 Ferðaþjónusta

- Nú á að markaðsetja landið - meðan það er í umræðunni erlendis. Koma þarf á beinu flugi milli Evrópu og landsbyggðarinnar.
- Efla þarf markaðsetningu á menningartengdri ferðaþjónustu og bent á að sögustaðir eru með jöfnu millibili um allt land.
- Framboð afþreyingar þarf að stórauka.
- Spáð lágu gengi komandi ár og því eru umtalsverð tækifæri í aukinni ferðaþjónustu.

### 1.3 LMF

- Sóknarfæri eru í litlum og meðalstórum fyrirtækjum – starfandi fyrirtækjum – og mikilvægt að leggja áherslu á þau.

## 2 Menning, menntun, samfélag

### 2.1 Menntun

- Fjölþættara hlutverk háskóla er mikilvægt, að dreifa þekkingu sem er að finna í háskólum (framhaldsskólum) enn frekar en gert er út í samfélagið og styrkja það þannig, heldur en að skólarnir „haldi þekkingunni innan veggjana“.
- Áhersla þarf að vera á aðgengi að menntun og á gæði hennar. Símenntunarmiðstöðvar opna möguleika á að nálgast háskólanám á stöðum þar sem það er annars ekki í boði. Áhersla verði á aðgengi að námi fyrir einstaklinga frekar en að setja háskóla í hvern fjörð. Þetta krefst góðs netsambands.
- Uppbyggingu á kennslu- og námsaðstöðu fyrir verknámsgreinar þarf að vera áherslumál.
- Mikilvægt er að styðja þekkingarmiðlun milli skólastiga með því kennarar færi sig á milli þessara stiga.
- Ástæða er til kanna mögulegan ávinning af meiri sveigjanleika í rannsóknarhlutverki háskóla. T.d. er þátttaka í málþingum eins og um byggðamál ekki viðurkenndur hluti af starfssviði háskólakennara.

### 2.2 Menning

- Áhersla verði áfram á að styrkja safnastarf og endurskilgreina og víkka skilgreiningu á safnastarfsemi.
- Mikilvægt er að halda áfram með menningarsamningana og þann stuðning sem þeir hafa veitt. Velta er mikil í menningarmálum og við þau starfar fjöldi fólks. Leggja þarf áherslu á mikilvægi sköpunar og þá ekki eingöngu sem hefðbundins menningararfs - heldur eitthvað nýtt eins og t.d. hjá Landnámssetrinu í Borgarnesi.
- Áhersla verði á að nýta ónotað húsnæði á landsbyggðinni undir menningu, t.d. aðstöðu fyrir myndlistarmenn.

### 2.3 Þéttbýli

- Mikilvægt er að finna svar við spurningunni um það hvernig búa megi til meira aðlaðandi umhverfi í þéttbýli á landsbyggðinni. Rætt var hvort Byggðaáætlun geti átt þátt í að gera samfélag áhugavert t.d. með umræðustjórnun, ímyndarbyggingu og áherslum á sérkenni svæða. Ljóst að þarfir samfélaga fyrir stuðning og aðgerðir í Byggðaáætlun eru mismunandi.

### 2.4 Jafnrétti

- Kynjahalla í veikari landshlutum þarf að laga ef jafnvægi á að nást í byggðum landsins. Áhersla á ungt fólk, að skapa raunverulegan valkost fyrir ungt fólk á landsbyggðinni sem mótvægi við brottflutning af landinu.

### 3 Stoðkerfi

#### 3.1 Byggðaáætlun

- Byggðamál tengjast öllum þáttum samfélags, samþætta þarf áherslur ríkisins í byggðamálum í samþættri Byggðaáætlun, með verkstjórnarskyldu ráðuneytis byggðamála gagnvart öðrum ráðuneytum og skýrum lýsingum á hvar forræði málaflokka liggur.
- Breytt umhverfi á síðustu misserum ársins 2008 skapar lag fyrir breytingar á Byggðaáætlun. Nú er Byggðaáætlun úrelt viljayfirlýsing sem ekki er farið eftir, t. d. virðist samgöngu- og fjarskiptaáætlun ekki taka mið af henni.
- Megináhersla þarf að vera á að virkja frumkvæði og forræði heimamanna, leiðir og áherslur mismunandi eftir aðstæðum á hverju svæði. Lausnin gæti falist í landsvæðaáætlunum, að vinna byggðaáætlanir innan hvers svæðis (t.d. landsfjórðungs). Þessar áætlanir yrðu svo settar saman í eina heildaráætlun. Með þessu fengist sveigjanlegri Byggðaáætlun (t.d. hægt að hafa meiri áherslu á vegaf framkvæmdir á Vestfjörðum en Norðurlandi vestra), vinnan yrði „bottom-up“, raddir sveitarfélaga og áherslur næðu betur inn í áætlunina. Áætlanagerðin gæti þannig dregið úr togstreitu milli ríkis og sveitarfélaga og miðlað reynslu og þekkingu milli landshluta. Svæðisbundnar þemaáætlanir þurfa að hverfast um sóknarfæri og auðlindir hvers svæðis og að sveitarfélögin nái fram samstöðu innan svæða.
- Byggðaáætlun fyrir landið allt verði unnin í samvinnu við sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög og stofnanir á vegum sveitarfélaga s.s. markaðsskrifstofur, menningarfulltrúa og aðra sem sveitarfélög kjósa að komi að gerð byggðaáætlunar.
- Vaxtarsamningar eru kjörin tæki til þess að nota við landsvæðaáætlanir m.a. til að tengja þær við áhersluna á samstarf og sérhæfingu, að sérkenni og styrkleikar svæða svæða verði grundvöllur markvissrar mótunar stefnu og áherslna fyrir eflingu atvinnulífs og samfélags í sveigjanlegri svæðismiðaðri byggðaáætlun.
- Byggðaáætlun þarf að gilda í lengri tíma en nú er, 8-10 ár, og hafa ákvæði um hvernig háttá skuli endurskoðun.
- ESB-aðild þarf að komast á hreint þar sem óvissan hefur áhrif á nýsköpun í grunngreinum atvinnulífs. Hugsanlega ætti að leggja til í Byggðaáætlun að Ísland gangi í ESB og miða þannig til framtíðar á að sækja fjármagn frá sjóðum ESB til Byggðaáætlunar en ekki frá ríkinu eins og nú.

#### 3.2 Vaxtarsamningar

- Vaxtarsamningum verði haldið áfram með breyttu fyrirkomulagi, forræði í höndum atvinnuþróunarfélaga og/eða samband sveitarfélaga, ekki reknir sem sérstök fyrirbæri heldur sem hluti af starfsemi atvinnu- og byggðaþróunar.

#### 3.3 Samþætting í stoðkerfinu

- Stoðkerfi atvinnu- og byggðaþróunar þarf að vera heildstætt, samræmt og notendavænt. Byggðastofnun verði áfram sameiginlegur vettvangur atvinnu- og byggðaþróunar þar sem unnið er að hagsmunamálum sem varða landið í heild. Aukin áhersla verði á samstarf á alþjóðlegum vettvangi.

- Atvinnuþróunarfélögin eru leiðandi í stoðkerfinu, hvert á sínu svæði en í nánu samstarfi við sveitarfélög, þekkingarsetur, háskóla, atvinnulíf og íbúa. Verkefni í atvinnu- og byggðaðróun eru skilgreind á svæðisbundnum grunni og hugmyndir og áherslur lagðar af heimamönnum/grasrótinni.
- Forsenda til þess að verkefni sem unnin eru í stoðkerfinu skili árangri er að virkari verkefnastjórnun með árangurstengdum matskerfum. Minnka þarf flækjustig þannig að minni skörun verði milli stofnana, t.d. í Eyjafirði þar sem eru AFE, Imprá, Akureyrarstofa, Vaxtarsamningur Eyjafjarðar og Búgarður – leiðbeiningaþjónusta í landbúnaði, allt á sama svæðinu.
- Byggðastofnun og Samband ísl. sveitarfélaga ættu að heyra undir sama ráðuneyti og byggðaáætlanir þessara aðila að vera samræmdar.

### 3.4 Þekkingarsetur

- Í málstofunni var áhersla á mikilvægi þekkingarsetra og tengsl milli atvinnulífs, stoðkerfis og menntastofnana.

### 3.5 Fjárstuðningur

- Efla þarf lánaþyrirgreiðslu og styrkjakerfi fyrir nýsköpun og sprotafyrirtæki þannig að opinber stuðningur nái til vöruþróunarferils frá hugmynd að markaðssetningu.
- Áhersla á að efla atvinnusköpun meðal kvenna, aðgerð sem stuðlar að meiri fjölbreytni í atvinnulífi og getur hamlað neikvæðri byggðaðróun.